

Af fyrstu 500 smál. sé greitt kr. 0.50 af hverri smál.

Af næstu 500 smál. sé greitt — 0.25 af hverri smál.

Af hverri smál. af því, sem þar er fram yfir, greiðist kr. 0.10 af smál.

125

19. sept.

3. Gjald af búfé:

- | | |
|--|--------------------|
| a. Af hverjum nautgrip | kr. 10.00 |
| b. Af hverjum hesti | — 5.00 |
| c. Af hverri sauðkind | — 0.50 |
| 4. Fyrir vatn til fiskþvottar | — 0.50 á skippund. |
| 5. Fyrir vatn til sildarsöltunar | — 0.15 á tunnu. |
| 6. Fyrir vatn til skipa | — 6.00 á smálest. |
| 7. Trillubátar greiði | — 10.00 á ári. |

Gjaldldagi vatnsskattsins sé 1. október ár hvert. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu skattsins og má taka hann lögtaki. Er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár frá gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 45 10. júní 1938, fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðar, og síðari breytingar á henni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

126

23. sept.

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar
frá 14. júní 1930.

5. liður gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 3.00 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 20.00 fyrir skip minni en 50 smálesta og kr. 40.00 fyrir stærri skip. Bæjarstjórn getur, fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjöld af þeim. Þegar vatn er afgreitt í eftirvinnu, næturvinnu eða helgidagavinnu, greiðir kaupandi auk þess afgreiðslumanni vatnsveitunnar laun samkvæmt kauptaxta verkamannafélagsins á staðnum fyrir þann tíma, sem afgreiðslan tekur.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.